

Vinnuskóli Blönduósbæjar

Vinnuskóli Blönduósbæjar býður unglingum bæjarins upp á skemmtilega og lærdómsríka sumarvinnu.

Allir unglingar á aldrinum 13-16 ára og eru búsettir á Blönduósi er boðin vinna í vinnuskólanum. Hlutverk Vinnuskólans er að veita starfsmönnum uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að veita starfsmönnum skemmilega og ánægjulega innsýn inn í atvinnulífið meðfram því að undirbúa starfsmenn undir það sem koma skal á hinum almenna vinnumarkaði. Áhersla Vinnuskólans er að starfsumhverfið sé hvetjandi og gefandi en einnig að starfsmönnum hans, íbúum og gestum Blönduósbæjar sé sýnd kurteisi og virðing.

Starfsfólk Vinnuskólans

Umsjónarmaður vinnuskóla: Snjólaug M Jónsdóttir, sími 848-2760

Flokkstjórar: Ekki hefur verið gengið frá ráðningu flokkstjóra

Vinnutímabil

Vinnutímabil unglunga er misjafnt eftir aldri. Unglingar fæddir á árunum 2005-2007 hefja allir vinnu 07. júní 2021.

Unglingar fæddir 2008 hefja störf 21. júní 2021

- Árgangur 2008 vinnur frá 21. júní til og með 16. júlí
- Árgangur 2007 vinnur 07. júní til og með 30. júlí
- Árgangur 2006 vinnur 07. júní til og með 30. júlí
- Árgangur 2005 vinnur 07. júní til og með 30. júlí

Daglegur vinnutími

Daglegur vinnutími unglunga fer eftir aldri. Mæting er í Þjónustumiðstöð, Ægisbraut 1.

Vinnutími hjá 13 ára unglungum miðast við 16 klst. á viku eða 4 tíma á dag frá kl. 8.00-12.00, mánudaga – fimmtudaga.

Vinnutími 14 til 15 ára unglunga miðast við 28 klst. á viku eða 7 tíma á dag frá kl. 8.00-12.00 og 13.00-16.00, mánudaga – fimmtudaga.

Vinnutími 16 ára unglunga miðast við 35 klst. á viku eða 7 tíma á dag frá kl. 8.00-12.00 og 13.00-16.00, mánudaga – föstudaga.

Launakjör

- Árgangur 2008, tímakaup 493 kr., auk orlofs, 13,04%
- Árgangur 2007, tímakaup 591 kr., auk orlofs, 13,04%
- Árgangur 2006, tímakaup 788 kr., auk orlofs, 13,04%
- Árgangur 2005, tímakaup 1.559 kr., auk orlofs, 13,04%

Helstu verkefni

- Götu- og hverfahreinsun
- Gróðursetning sumarblóma
- Beðahreinsun
- Sópa og raka
- Ruslahreinsun
- Aðstoða við leikjanámskeið

Með vinnu sinni fegra og bæta starfsmenn Vinnuskólans umhverfið um leið og þau þjálfast í vinnubrögðum sem skila sér út í samfélagið til framtíðar.

Í flestum tilfellum er um að ræða fyrstu kynni unglunga af launuðu starfi og áriðandi að vel takist til, því lengi býr að fyrstu gerð. Hafa ber í huga að starfsfólk Vinnuskólans á rétt á bæði matar- og kaffitímum. Þar sem starfsfólk hefur ekki neina sérstaka aðstöðu á vinnusvæðum sínum er ekki óeðlilegt að þau sjáist sitja og hvíla sig öðru hvoru. Til að tryggja sem árangursríkast vinnuuppeldi er mikilvægt að samskipti og samtöl við flokkstjóra séu á vingjarnlegum nótum án þess að það bitni á vinnuframlaginu.

Eftir bestu getu er reynt að hafa fjölbreytni í verkefnum unglunganna, en slíkt ýtir undir ánægju í vinnunni.

Hópunum er dreift í ýmis verkefni innan bæjarins, gott er að þau séu á hjólum (með hjálm að sjálfsögðu) til að koma sér á milli staða.

Flokkstjóri er ávalt með sínum hóp og er hlutverk hans meðal annars að kenna unglingum rétt handtök við þau verk sem unnin eru hverju sinni.

Vinnuskóli Blönduósbæjar er með öllu tóbaks-, vape- og vímuefnalaus vinnustaður.

Fréttir af starfi vinnuskólans má nálgast á facebook-síðu hans.

Reglur Vinnuskólans

Reglur Vinnuskóla Blönduósbæjar gilda jafnt á vinnutíma sem og við félagsstörf á vegum skólans.

1. Flokksstjóri er verkstjóri á vinnustað. Næsti yfirmaður hans er yfirflokkstjóri.
2. Öllu starfsfólki ber að vera vinnusamt, stundvíst, heiðarlegt og kurteist.
3. Veikindi og önnur forföll ber að tilkynna hið fyrsta til skrifstofu Vinnuskólans af forráðamönnum í síma 848 2760.
4. Notkun tóbaks er bönnuð. Sama gildir um áfengi, rafrettur/vape og önnur vímuefni.
5. Sjoppu og búðaferðir eru ekki leyfðar á vinnutíma, þ.m.t. kaffitíma.
6. Nemendum ber að ganga vel og þrifalega um á vinnustað og fara vel með þau áhöld sem notuð eru.
7. Í kaffitímum er ætlast til að starfsfólk hafi hollt og gott nesti. Ekki er leyfilegt að vera með orku- og gosdrykki
8. Notkun farsíma er ekki leyfileg á vinnutíma, nema flokkstjóri gefi leyfi um annað.
9. Allir starfsmenn útvega sér sjálfir hlífðarfatnað og bera starfsmenn ábyrgð á eigin fötum og eigum.
10. Hjálmaskylda er hjá ungmönnum 16 ára og yngri. Ef ekki er notast við hjálm er hjól gert upptækt og foreldri/forráðamaður getur nálgast það í húsnæði vinnuskólans hjá umsjónarmanni Vinnuskóla.

Brot á reglum Vinnuskólans

Þegar vandamál koma upp er flokksstjórum uppálagt að tala við viðkomandi starfsmann og setja sig í samband við forráðamenn. Flokksstjóra ber jafnframt að láta yfirmenn vinnuskóla vita af málinu án þess að þeir komi að því að öðru leyti nema þess sé óskað. Ef viðkomandi starfsmaður bætir ekki ráð sitt má eiga von á frekari áminningu og tímabundinni brottvísun sem venjulega er þrjú dagar. Í stöku tilfellum dugir þetta ekki til og er þá starfsmanni vísað frá vinnu það sem eftir er af vinnutímabilinu. Það skal þó tekið fram að yfirleitt tekst að leysa vandamál áður en grípa þarf til frekari aðgerða. Reynslan sýnir að samvinna milli starfsmanna vinnuskóla og forráðamanna er lykilatriði við úrlausn hina ýmsu mála sem upp kunna að koma.

Frekari upplýsingar má finna inn á vef Blönduósbæjar.

Hlökkum til að sjá ykkur í sumar, Starfsfólk Vinnuskólans